

fjárhæð 4.000 krónur, og málsvarnarlaun Þorvalds Lúðvíkssonar hæstaréttarlögmanns að fjárhæð 6.000 krónur.

Mánudaginn 12. nóvember 1984.

Nr. 121/1983. **Baldur h/f**

(Skarphéðinn Þórisson hrl.)

gegn

Ólafi Magnússyni

(Arnmundur Backman hrl.)

Kaupgjaldsmál. Sjómannalög. Sjóveðréttur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Guðmundur Skaftason, Magnús Thoroddsen og Sigurgeir Jónsson og Gaukur Jörundsson prófessor.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 15. júní 1983. Hann krefst aðallega sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti. Til vara krefst áfrýjandi þess, að málskostnaður verði felldur niður, ef meginkröfur stefnda verða teknar til greina.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Eins og nánar er lýst í hinum áfrýjaða dómi, hlaut stefndi meiðsl þau, sem í málinu greinir, er hann æfði tök á svifdreka með því að hlaupa með drekan niður aflíðandi brekku. Ber að fallast á það með héraðsdómi, að þessi atvik að meiðslum stefnda séu eigi slík, að stefndi verði talinn hafa sýnt af sér stórkostlegt gáleysi í skilningi 6. málsg. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, sbr. 1. gr. laga nr. 49/1980. Þarf þá ekki að taka afstöðu til þess, hvernig líta bæri á iðkun eiginlegs svifdrekaflugs frá sjónarmiði nefnds ákvæðis. Með þessari athugasemd ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Samkvæmt þessum málsúrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst 19.000.00 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Baldur h/f, greiði stefnda, Ólafi Magnússyni, 19.000.00 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. mars 1983.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 2. þ.m., er höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 20. janúar 1983. Stefnandi málsins er Ólafur Magnússon sjómaður, Hásteinsvegi 17, Vestmannaeyjum, nafnnúmer 6776-1316. Stefndi er Baldur h.f., Vestmannaeyjum, nafnnúmer 0908-6986.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða honum kr. 60.102.70 með 37% ársvöxtum frá 1. september 1982 til 1. nóvember 1982, 45% ársvöxtum frá þeim degi til stefnubirtingardags 18. janúar 1982, en með dómvöxtum samkvæmt lögum nr. 56/1979 frá þeim degi til greiðsludags, auk málskostnaðar.

Þá krefst stefnandi sjóveðréttar í m/b Baldri, VE 24, til tryggingar til-dæmdum fjárhæðum.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnanda, en til vara, að málskostnaður verði felldur niður, ef meginkröfur stefnanda verða teknar til greina. Samkomulag er með aðiljum að reka mál þetta fyrir bæjarþingi Reykjavíkur.

Sáttaumleitanir af hálfu dómarans hafa ekki borið árangur.

Bjarni Kristinn Bjarnason borgardómari dæmir mál þetta.

I.

Stefnandi starfaði sem matsveinn á skipi stefnda m/b Baldri VE 24, sem er fiskibátur og gerður út af stefnda. Stefnandi átti helgarfrí dagana 19. - 20. júní 1982. Sunnudaginn 20. júní 1982 tók stefnandi þátt í svonefndri hólahoppsæfingu með svifdreka, en hólahoppsæfingar eru byrjendaæfingar fyrir þá, sem síðar hyggjast þreyta svifdrekaflug. Æfingar þessar fara þannig fram, að hlaupið er með svifdreka niður aflíðandi brekku í golu eða hægum vindi til þess að finna, hvernig drekinn tekur vind, án þess að flogið sé. Æfingin fór fram við Hafrahlíð í Mosfellssveit. Stefnandi

hljóp nokkrum sinnum niður hallann með svifdrekanum og gerði hólahoppsæfingar undir leiðsögn, og gekk það vel þar til í einni ferðinni, að honum skrikaði fótur, og féll hann með svifdrekanum með þeim afleiðingum, að hann handleggsbrotnaði.

Vegna þessa óhapps varð stefnandi frá vinnu frá slysdegi 20. júní 1982 til 28. ágúst 1982.

Stefnandi telur sig eiga ótvíræðan rétt til forfallalauna, kr. 55.480.71, auk orlofs, kr. 4.621.99, eða samtals kr. 60.102.70.

Stefnandi telur sér óskýlt að greiða kröfu þessa.

Hefur stefnandi því höfðað mál þetta.

II.

Stefnandi hefur í aðiljaskýrslu skýrt svo frá:

„Ég hef alltaf verið mikill áhugamaður um flugmál, t.d. hef ég haft svifflugpróf og hef flogið um 100 tíma í svifflugi, auk þess hef ég líka haft vélflugpróf og flogið þar um 300 tíma, auk þess hef ég núna síðustu árin haft mikinn áhuga á og tekið þátt í smíði og flugi með fjarstýrðum flugmódelum. Þegar svifdrekaflug fór fyrst að tíðkast hér á landi, fékk ég mikinn áhuga á að taka þátt í því og aflaði mér bóka þar sem hægt var að finna upplýsingar um svifdrekaflug. Það hefur lengi blundað í mér að fara að æfa svifdrekaflug og eignast dreka, en einhvern veginn hefur ekkert orðið úr því ennþá. Það var svo í júní sl. að ég hafði sambandi við Einar Eiríksson, formann Svifdrekafélags Reykjavíkur, og spurði hann hvernig menn bæru sig til við að gerast félagar. Hann sagði að helgina 19. - 20. yrði mót hjá Svifdrekafélaginu og upplagt fyrir mig væri að koma og fylgjast með því og kynna mér þannig svifdrekaflug. Ég átti helgarfrí þessa helgi og fór á mótið. Á mótinu hitti ég nokkra félaga í Svifdrekafélaginu og spurði þá um ýmis atriði varðandi svifdrekaflug. Ég spurði líka Einar Eiríksson um það, hvort ég væri of gamall til þess að taka þátt í svifdrekaflugi, en hann sagði það ekki vera og benti á að eldri menn en ég stunduðu svifdrekaflug. Ég leitaði fyrir mér um það hvort hægt væri að fá lánaðan svifdreka, en þá var mér sagt að það væru reglur hjá Svifdrekafélaginu að bannað væri að lána svifdreka, og ef menn seldu dreka þá væri skylda að leiðbeina kaupandanum þar til hann hefði lokið svokölluðu hólahoppsprófi. Eftir nokkurn tíma þá leitaði ég hófana um kaup á svifdreka og keypti loks svifdreka af Markúsi Jóhannssyni á kr. 6.000.00, en Markús gat samkvæmt reglum félagsins ekki látið mig hafa drekanum fyrr en að undirbúningsþjálfun væri lokið. — Ég fór svo á svokallaða hólahoppsæfingu uppi við Hafrafell þann 20. júní sl. Kennarar voru Einar Eiríksson og Markús Jóhannsson. Hólahopp er samheiti yfir undirbúningsæfingar fyrir svifdrekaflug, og felast þessar æfingar í því að menn hlaupa með

drekana niður aflíðandi brekku. Tilgangurinn með þessu er að láta drekann taka vind þannig að hægt sé að fá þjálfun í að stýra drekanum og fá tilfinningu fyrir því hvernig svifdrekaflug er, án þess að fljúga. Hólahopp er sem sagt ekki svifdrekaflug, heldur hlaup með drekann til þess að kenna mönnum að stýra drekanum og láta þá fá tilfinningu fyrir því hvernig bregðast beri við. Ég var því að hlaupa með drekann niður aflíðandi brekku í Hafrafellinu og hafði gert það nokkrum sinnum þegar mér varð fótaskortur og ég datt með drekann. Þegar ég datt hélt ég, eins og skylt er að gera, um álþríhyrning á drekanum, og í fallinu slepti ég ekki þríhyrningnum til þess að hafa sem mest vald á drekanum. Við fallið kom átak á hægri handlegg sem brotnaði illa. Varð ég óvinnufær í langan tíma og geri kröfu um að fá forfallalaun greidd. Ég vil sérstaklega taka fram að ég fór eftir öllum þeim reglum, sem fyrir mig voru lagðar og æfingin fór fram í miklu blíðskaparveðri og þurrki, þannig að veður hafði engin áhrif á það að slysið varð.“

Vitnið *Einar Eiríksson*, sem kveðst hafa verið kennari hjá Svifdrekafélagi Reykjavíkur frá árinu 1979, annaðist kennslu á hólahoppssæfingunni, sem stefnandi tók þátt í. Hann skýrði m.a. svo frá: „Ólafur var á þessum venjulegu frumbyrjunaræfingum þar sem nemandi er látinn hlaupa í litlum halla ca. 10% halla á sléttu mjúku landi á móti mjög hægri golu með dreka. Hann hafði hlaupið nokkrum sinnum, 3, 4, 5 sinnum og allt gengið vel, þegar í eitt skiptið honum skrikaði fótur og hann datt með þessum afleiðingum. Þetta var alls ekki svifdrekaflug, það var bara æfing undir svifdrekaflug. Undir slíkri æfingu þá lyftist maðurinn aldrei frá jörðu, heldur er meiningin með þessu eingöngu, að hann fái tilfinningu fyrir því, hvernig svifdrekin hagar sér. Svifdrekin togar aðeins í hann og létir hann á hlaupunum, en hann lyftist aldrei frá jörðu í slíkum tilfellum. Ólafur lyftist aldrei frá jörðu. Það eru mörg vitni að því. Ég er búinn að kenna tugum manna og þetta er eina skiptið, sem maður hefur slasað sig svona þar sem ég hefi verið nálægt, en menn hafa hins vegar hruflað sig og fengið blóðnasir.“

Vitninu var bent á, að stefnandi hafi verið 48 ára að aldri, þegar slysið varð. Aðspurt, hvort aldur skipti einhverju máli í þessu sambandi, svaraði vitnið: „Ef maður er líkamlega vel á sig kominn, þá á hann ekki að skipta neinu máli.“ Þá var spurt: En líkamsþyngd? Það er talað um, að Ólafur hafi verið 108 kg á þessum tíma. Svar: „Ég get ekki svarað því öðru vísi til en mér fannst maðurinn mjög sterklegur og stæðilegur maður. Mér sýndist maðurinn vel á sig kominn líkamlega. Það geta verið miklir kostir að vera sterkur og geta haft gott vald á drekanum. Það náttúrulega segir sig sjálft, að stór og þungur maður, sem dettur, getur átt meiri hættu á að brotna en aðrir, og þá náttúrulega gildir það í öllu, ekkert frekar í þessu

heldur en í öðrum hlutum. Það er mikið um það, að fullorðnir menn og eldri menn stundi þessa íþrótt erlendis. Þegar menn hyggja á æfingar í svifdrekaflugi, skiptir það mjög miklu máli, að menn hafi þekkingu á flugeðlisfræði, undirstöðuþekkingu á henni og hegðan flugs og vinds. Okkur var kunnugt um þekkingu Ólafs og reynslu af flugi. Hann sagði okkur frá því. Gerði það hann tvímælalaust hæfari til að taka þátt í æfingum undir svifdrekaflug.“

Aðspurt um tíðni slysa í þessari íþróttagrein var svarið á þá leið: „Í flestum nágrannalöndum þar sem þessi íþróttagrein hefur náð útbreiðslu er slysatiðni síst meiri en í öðrum íþróttagreinum að því er okkur skilst og við höfum fréttir af. Það munu vera 3000 til 3500 virkir svifdrekamenn í Bretlandi, og á síðasta ári voru þrjú alvarleg slys, dauðaslys. Það hefur orðið eitt dauðaslys hér á landi í Vestmannaeyjum. Það var verið að æfa svokallað tógflug, þar sem menn eru dregnir á loft með ákveðinni gerð af spili. Nánari tildrög eru þau, að flugmaðurinn, sem var nokkuð reyndur í svifdrekaflugi, dýfði skyndilega dreka sínum án þess að loka, án þess að sleppa króknum, einhverra hluta vegna, með þeim afleiðingum, að það kom hnykkur á drekann og það brotnaði annað vængrörrið og hann hrapaði.“ Vitnið hvað þó nokkur önnur slys hafa orðið hér á landi í svifdrekaflugi, m.a., beinbrot. Spurningunni: Telur þú, að svifdrekaflug sé ein af þeim íþróttum, eins og skíðaiðkun, sundiðkun og knattleikjaiðkun, sem teljast til almenningsíþróttar þar sem fjölskyldan geti verið í þessu eða hinn venjulegi maður?, svaraði vitnið: „Tvímælalaust hinn venjulegi maður, en ég geri ekki ráð fyrir að svifdrekaflug verði fjöldaíþrótt.“

Vitnið *Markús Jóhannsson*, sem seldi stefnanda svifdrekan, kvaðst hafa verið sjónarvottur að slysinu. Einar Eiríksson hafi fyrst byrjað að sýna stefnanda, hvernig hann ætti að bera sig að við æfinguna. Ólafur hafi haft þetta eftir. Þeir hafi þá ekki verið spenntir í svifdrekan. Síðar hafi stefnandi farið að hlaupa með svifdrekan. Hafi hann gert það nokkrum sinnum, án þess að óhapp ætti sér stað. Svo hafi honum skrifað fótur í einni æfingunni og dottið. Vitnið kveðst hafa staðið neðar í hallanum og séð, að stefnandi féll, þegar hann ætlaði að draga úr hraðanum eða stoppa. Það er álit vitnisins, að stefnandi hefði átt að sleppa álþríhyrningi drekans, þegar svifdrekin rakst í jörð í nefnt sinn. „Í öllum tilfellum hjá okkur þá sleppum við. Við reynum ekki að halda okkur, þegar við dettum í dreka, því drekin fer fram yfir sig og við rúllum fram í hann. Þetta var misskilningur hjá Ólafi. Hann átti að sleppa. Það skiptir ekki máli, hvað maður er þungur. Maður getur fengið dreka fyrir hverja þyngd. Ólafur er að mínu áliti mjög hraustur og vel byggður maður. Ég sagði honum náttúrulega, að þetta væru ekkert nema strákar, sem flygju hér, en hins vegar eru eldri menn, sem fljúga, en hann í dag.“

Kröfu sína sundurliðar stefnandi þannig:

1. Forfallalaun	Kr. 55.480.71
2. Orlof	— 4.621.99

Kr. 60.102.70

Af hálfu stefnanda er á það lögð áhersla, að hinar svokölluðu hólahoppsæfingar með svifdreka hafi verið með þeim hætti, að stefnandi hafi ekki lyftst frá jörðu og því alls ekki flogið. Veður hafi verið hið ákjósanlegasta og aðstæður allar. Stefnandi hafi gert æfingarnar undir stjórn og leiðsögn þjálfaðs kennara. Stefnandi, sem hafi haft þjálfun bæði sem svifflugmaður og flugmaður, hafi gætt allrar þeirrar varúðar, sem af honum mátti krefjast, það sé því fjarri lagi, að stefnandi hafi sýnt af sér gáleysi og þá enn síður ásetning, þegar slysið varð. Augljóst sé því, að stefnandi eigi rétt á forfallalaunum úr hendi stefnda. Er af hálfu stefnanda vísað til 3. mgr. 18. gr. sjómannalaganna nr. 67/1963, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 49/1980. Auk þess er vísað til 2. mgr. 28. gr. kjarasamnings sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna. Er því haldið fram af hálfu stefnanda, að 4. mgr. 18. gr. laga 67/1963, sbr. 6. mgr. 1. gr. laga 49/1980 eigi ekki við í þessu tilviki sbr. dóm Hæstaréttar 1966, bls. 236. Kröfuna um greiðslu orlofsfjár, 8.33% af launum, styður stefnandi við lög nr. 87/1971 með síðari breytingum og 31. gr. ofangreinds kjarasamnings. Kröfuna um sjóveðrétt styður stefnandi við 2. tl. 1. mgr. 216. gr. siglingalaganna nr. 66/1963.

Af hálfu stefnanda er öllum kröfum og málsrökum stefnda andmælt sem þýðingarlausum fyrir mál þetta.

IV.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á 4. mgr. 18. gr. sjómannalaga nr. 67/1963, sbr. 6. mgr., 1. gr. laga nr. 49/1980.

Samkvæmt þessu ákvæði eigi skipverji ekki rétt á kaupum þann tíma, sem hann er ekki starfhæfur vegna meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Með hugtakinu ásetningur í merkingu sjómannalaganna sé ekki aðeins átt við beinan ásetning, heldur einnig að sjómaðurinn hafi vitað eða mátt vita, að athöfn hans eða athafnaleysi myndi leiða til eða leiði að öllum líkindum til meiðsla. Með vísan til þessara hugtaka, sé það í samræmi við tilgang laganna að meta það út frá sanngirnissjónarmiðum, hverjum standi næst að bera áhættuna á slysum atvinnurekandanum eða launþegnum.

Þessi fyrirvari laganna um ásetning eða stórfellt gáleysi nái einnig til vissra tilvika, t.d. að sjúkdómurinn eða meiðslin hafi gerst undir kringumstæðum, sem einkenna megí sem samþykkt (accept af risiko). Teljist það svo, sé það launþegans að bera sitt tjón sjálfur, enda ósanngjarnt, að hægt sé að láta þriðja aðilja bera bótaábyrgðina.

Slys og óhöpp, sem verða við íþróttaiðkanir eða aðra frítímasýslan, sem teljast vera þáttur í almennu og venjulegu lífsmunstri, „et led i et normal livsudfoldelse“, beri atvinnurekanda að bæta í formi veikinda- og slysa-kaups. Sé almenna reglan sú, að frítímaforföll beri að greiða. Hvað varði slys við íþróttaiðkanir, þá verði að meta það hverju sinni, hvort iðkun viðkomandi íþróttar sé bundin mikilli áhættu eða ekki, og þá um leið, hvort launþeginn ead atvinnurekandinn beri ábyrgðina.

Svifdrekaflug sé hættuleg íþrótt, sem ekki teljist til almenningisíþróttar, sem langflestir geta stundað á einn eða annan hátt. Svifdrekaflug sé íþrótt þeirra ungu og kjörkuðu manna, sem eru mjög vel á sig komnir líkamlega og andlega og sem búa yfir bæði kröftum og snerpu. Ein mistök, missir handtaks í svifdrekaflugi, rangt mat á vindstraumum eða uppstreymi geti kostað örkuml eða dauða.

Svifdrekaflug sé alls ekki íþrótt fyrir miðaldra stóra og svera menn eins og stefnanda, sem hafi verið 48 ára gamall og 108 kg að þyngd á slysdegi.

Að svifdrekaflug sé hættuleg íþrótt, lýsi sér best í því, að á þeim stutta tíma, sem svifdrekaflug hafi verið iðkað hér á landi, hafi orðið eitt banaslys og a.m.k. þrjú alvarleg slys með tilheyrandi beinbrotum. Sé slysatiðni í þessari íþrótt mjög há miðað við þennan stutta tíma og þá fáu tiltölulega, sem stundað hafi þessa íþrótt. Þá verði að leggja áherslu á það, hve slysin séu alvarlegs eðlis.

Svifdrekaflug teljist ekki til tómstundaiðkana, sem almenningur stundar „et led i et normal livsudfoldelse“, eins og segja megí um flestar íþróttir, svo sem skíðaiþrótt, sund, hnít og ýmsa knattleiki. Gagnstætt svifdrekaflugi sér þar um almenna og algenga tómstundaiðju að ræða, sem ungir sem aldnir geti stundað og þá sniðið sér stakk eftir vexti, þ.e. aldri, þoli eða þreki. Að sjálfsögðu fylgi allri íþróttaiðkun viss áhætta á, að slys verði, eins og menn þekkja, en þó teljist þær íþróttir ekki vera hættulegar. Hér sé um svokallaðar almenningisíþróttir að ræða gagnstætt svifdrekaflugi.

Dómur sá, sem lögmaður stefnanda vísi til máli sínu til stuðnings, H-1966-236, fjalli um kröfu launþega um slysakaup vegna slyss, sem hann varð fyrir á knattspyrnuæfingu, en algengt sé, að menn sparki fótbolta í frítíma sínum og telja megí „et led i et normal livsudfoldelse.“

Stefndi telur, að hnefaleikar, „karate“ og judo“ teljist óumdeilanlega til hættulegra íþróttar og atvinnurekandi beri ekki ábyrgð á slysum, sem verði við iðkun slíkra íþróttar. Þá sé svifdrekaflug að því leyti hættulegra,

að ýmis ytri skilyrði, svo sem sviftivindar, uppstreymi o.þ.h., sem menn ráði ekki við, geri þessa íþrótt svo hættulega. Missi menn handfestu, sé voðinn vís.

Stefndi telur, að strax og stefnandi hóf að æfa svifdrekaflug, teljist hann hafa verið að stunda hættulega íþrótt, þótt slysið hafi gerst á byrjunarstigum hennar. Stefnandi verði því að bera tjón sitt sjálfur.

V.

Í 3. mgr. 18. gr. sjómannalaganna nr. 67/1963, sbr. lög nr. 48/1980, er svofellt ákvæði:

„Ef skipverji verður óvinnufær vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann verður fyrir meðan á ráðningartíma stendur, skal hann eigi missa neins í af launum sínum, í hverju sem þau eru greidd, svo lengi sem hann er óvinnufær af framangreindum ástæðum, þó ekki lengur en tvo mánuði. Sé skipverji í launalausum fríi, er hann veikist eða slasast, tekur hann laun frá þeim tíma, er hann skyldi hefja störf að nýju.“ Í 28. gr. áðurgreinds kjarasamnings eru ákvæði þess efnis, að útgerðarmaður skuli greiða slysa- og veikindabætur til skipverja, sem verður fyrir slysi um borð í skipi við skyldustörf, eins og sjómannalög ákveða á hverjum tíma, og um rétt og skyldur í slysa- og veikindatilvikum skipverja fari að öðru leyti samkvæmt sjómannalögum nr. 67/1963, sbr. lög nr. 49/1980.

Í 6. mgr. 18. gr. sjómannalaganna er nú svofellt ákvæði: „Skipverji á ekki rétt á kaupi þann tíma, sem hann hliðrar sér ólöglega hjá að inna störf sín af hendi, né fyrir þann tíma, sem hann er óstarfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur leynt vísitandi við ráðningu sína. Sama gildir, ef skipverji er ekki starfhæfur vegna sjúkdóms eða meiðsla, sem hann hefur sjálfur bakað sér af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.“

Eigi verður á það fallist með stefnda, að stefnandi hafi valdið meiðslum sínum af ásetningi eða stórfelldu gáleysi í skilningi 6. mgr. 18. gr. sjómannalaganna. Ber stefnda því að greiða stefnanda veikindabætur, svo sem stefnandi gerir kröfu til í málinu, en fjárhæð kröfunnar sætir ekki andmælum. Verður stefndi því dæmdur til að greiða stefnanda kr. 60.102.70 með vöxtum, eins og í dómsorði greinir, svo og málskostnað, sem ákveðst kr. 14.000.00.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Baldri, VE 24 til tryggingar tildæmdum fjárhæðum.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Baldur h/f greiði stefnanda, Ólafi Magnússyni, kr. 60.102.70 með 37% ársvöxtum frá 1. september 1982 til 1. nóvember 1982, 45% ársvöxtum frá þeim degi til 18. janúar 1983 og með hæstu

innlánsvöxtum, eins og þeir verða á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags og kr. 14.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Stefnandi á sjóveðrétt í m/b Baldri, VE 24, til tryggingar framan- greindum kröfum.

Mánudaginn 12. nóvember 1984.

Nr. 156/1984. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Hallgrími Elíssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús Þ. Torfason, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson.

Kjartan Þorkelsson, fulltrúi sýslumannsins í Rangárvallasýslu, kvað upp hinn áfrýjaða dóm.

Máli þessu var skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða með áfrýjun- arstefnu 27. júní 1984. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip dómsgerða barst Hæstarétti 11. f.m.

Samkvæmt gögnum málsins, sem lýst er í héraðsdómi, þykir sannað, að ákærði hafi ekið bifreið sinni ölvaður, svo sem greinir í ákæru. Miðað við alkóhól, er mældist í blóði ákærða, hefur hann með þessu brotið gegn 2., sbr., 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, en eins og ákæru er háttað, verður honum þó einungis refsað fyrir brot gegn 2., sbr. 3. mgr. 25. greinar.

Ákærði hafði eigi ökuleyfi, er þetta gerðist, þar sem hann hafði undirgengist sviptingu ökuleyfis í eitt ár með dómsátt 28. október 1982. Hann hefur því með akstri sínum brotið gegn 27. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga.